

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 28. október 2021 í máli nr. 21/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 28. febrúar 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um viðskipti við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að bifreið sem hann keypti af varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst skaðabóta að fjárhæð 405.190 krónur.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 3. mars 2021 og 26. mars 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi þann 21. maí 2021, sem móttækið var f.h. varnaraðila þann 25. maí 2021. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, afrit af kaupsamningi vegna kaupa á bifreiðinni þann 21. september árið 2020 ásamt ástandslýsingu, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, afrit af reikningi frá bifreiðaverkstæði Heklu, dags. 23. október 2020, afrit af tilboði í viðgerð á bifreiðinni, dags. 26. október 2020, afrit af reikningi frá bifreiðaverkstæði Heklu, dags. 16. desember 2020, svo og skjáskot af auglýsingu af uppboðsvef vegna sölu á bifreiðinni með uppboði sem lauk þann 10. ágúst árið 2020.

Með bréfi, dags. 7. júlí 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi ásamt Z fest kaup á bifreið af gerðinni Mitsubishi Outlander, árgerð 2015, af varnaraðila þann 21. september árið 2020 fyrir 1.750.000 krónur. Bifreiðinni hafði verið ekið um 138.000 km. við kaupin. Aðeins einn lykill fylgdi með bifreiðinni.

Þann 20. október 2020, innan við mánuði frá kaupunum, fór bifreiðin ekki í gang. Við skoðun á verkstæði umboðsaðila bifreiðarinnar hér á landi kom í ljós að ástæða þess að bifreiðin fór ekki í gang var sú að lykillinn hafði bilað. Reyndist því nauðsynlegt að kóða nýjan lykil. Við skoðun kom einnig í ljós að skipta yrði um bremsur auk þess sem starfsmenn greindu hljóð frá vélinni sem talið var stafa frá ballansásnum. Á verkstæði umboðsaðila var skipt um bremsur og gerður nýr lykill en sérpanta varð varahluti vegna ballansása. Greiddi sóknaraðili fyrir þá viðgerð 96.611 krónur.

Sóknaraðili óskaði eftir upplýsingum um kostnað við að skipta um ballansása og var sóknaraðila á endanum gefið tilboð að fjárhæð 425.758 krónur. Var af hálfu umboðsaðila bifreiðarinnar veittur 50% afsláttur af efni við skiptingu ballansása þar sem um þekktan framleiðslugalla væri að ræða að sögn sóknaraðila. Endaði kostnaður vegna þess þáttar í 308.579 krónum. Sóknaraðili kveðst hafa fengið bifreiðina afhenta úr viðgerð í byrjun

desember. Nokkrum dögum síðar hafi bifreiðin aftur orðið ógangfær. Kom þá í ljós að bensín hafði endað í tankinum og kveðst sóknaraðili ekki vita um ástæðu þess. Gerir sóknaraðili ekki kröfu um skaðabætur vegna þessa þar sem óljóst er hvernig það gerðist.

Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við bílasöluna sem hafði milligöngu um kaupin og við varnaraðila þegar bilun kom fyrst upp. Varnaraðila hafi verið haldið upplýstum um framgang mála og kveðst sóknaraðili hafa óskað eftir athugasemdum, þáttöku eða viðleitni varnaraðila til að semja um ábyrgð vegna viðgerðarkostnaðarins. Hins vegar hafi ekkert heyrst frá varnaraðila þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Aðeins hafi borist svar við innheimtubréfi, með tölvupósti þann 26. janúar 2021, þar sem varnaraðili hafnaði bótaskyldu sinni en bauðst til að greiða 7% af fjárhæð viðgerðarkostnaðarins. Sóknaraðili kveðst túlka þá yfirlýsingu varnaraðila þannig að enginn sammingsvilji sé til staðar og var boði varnaraðila hafnað.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi fengið afhentan lista yfir ýmsa vankanta bifreiðarinnar þegar hann keypti hana á uppboði um það bil tveimur mánuðum áður en hann seldi bifreiðina til sóknaraðila. Kveðst sóknaraðili hafa komist að því með skoðun á starfsemi varnaraðila eftir að honum varð kunnugt um meinta galla á bifreiðinni. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi því vitað að bremsur bifreiðarinnar væru ónýtar. Hafi varnaraðili keypt bifreiðina á uppboði og sett hana aftur í sölu á herra verði.

Sóknaraðili telur að vandamál hafi áður komið upp vegna lykla að bifreiðinni þar sem annar lykillinn virðist hafa verið ónýtur við kaupin. Þar af leiðandi hafi aðeins einn lykill fylgt með í kaupunum. Þá séu ballansásavandamál algengur framleiðslugalli á þessari tegund bifreiða og sé það þekkt meðal fagmanna. Gallinn hafi hins vegar ekki verið ljós almennum neytendum við hefðbundna skoðun og aðeins komið í ljós við skoðun sérfræðinga eftir að bifreiðin bilaði. Hafi þeir þekkt gallann vegna hljóðsins sem barst frá vélinni í ljósi þekkingar sinnar á gallanum. Við skoðun kom einnig í ljós að bremsur bifreiðarinnar voru bilaðar og þurfti að skipta þeim út.

Sóknaraðili telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við söluna í skilningi a. liðar 1. mgr. 16. gr. nkpl. og 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Bifreiðin hafi ekki verið í því ástandi sem mátti vænta miðað við þær upplýsingar sem voru veittar og miðað við að um nýlega bifreið var að ræða. Telur sóknaraðili að bifreiðar eigi í öllu falli að vera ökuhæfar fyrstu mánuðina eftir kaup og ekki þurfa á meiriháttar viðgerð að halda. Sóknaraðili bendir á að hann hafi mátt treysta því að upplýst yrði um svo veigamikla og kostnaðarsama galla við kaupin en þar sem upplýsingaskylda var vanrækt sé einnig um galla að ræða á þeim grundvelli, sbr. b. liður 1. mgr. 16. gr. nkpl. Hafi varnaraðili ritað undir í ástandslýsingu bifreiðarinnar að ekki væri tilefni til að færa nokkuð inn í reitinn „annað sem ástæða þykir að taka fram um ástand ökutækis eða ekki kemur fram við eðilega skoðun“. Sé því einnig um galla að ræða samkvæmt c. lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. Þá bendir sóknaraðili á að greining gallans, viðgerð, greiðsla reikninga og innheimta gagnvart varnaraðila hafi farið fram innan sex mánaða frá kaupunum, sbr. 2. mgr. 18. gr. nkpl.

Sóknaraðili telur liggja fyrir að bifreiðin hafi verið haldin galla við söluna þar sem um þekktan framleiðslugalla sé að ræða, svo og með vísan til 2. mgr. 18. gr. nkpl. Beri varnaraðili þar af leiðandi skaðabótaábyrgð á tjóni sóknaraðila vegna gallans, en fjárhagslegt tjón sóknaraðila nemi 405.190 krónum vegna viðgerðarkostnaðar í kjölfar framangreindra bilana. Krefst sóknaraðili greiðslu skaðabóta sem nema þeirri fjárhæð auk dráttarvaxta.

IV Niðurstaða

Kærufnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærufnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá

nefndinni og hefur hvorki skilað inn andvörum eða gögnum. Byggir niðurstaða málsins á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Sóknaraðili keypti bifreið af gerðinni Mitsubishi Outlander, árgerð 2015, af varnaraðila þann 21. september árið 2020 fyrir 1.750.000 krónur. Bifreiðinni hafði verið ekið um 138.000 km. við kaupin. Af kvörtun sóknaraðila verður ráðið að hann telji bifreiðina hafa verið haldna þrens konar göllum við söluna. Í fyrsta lagi annmarka sem fólst í takmarkaðri virkni þess eina lykils sem fylgdi með bifreiðinni við kaupin. Hætti lykillinn að virka og varð sóknaraðili að festa kaup á nýjum lykli fyrir bifreiðina. Í öðru lagi hafi bremsur bifreiðarinnar verið orðnar lélegar og verið þörf á að skipta þeim út. Fyrir nýjan lykil og viðgerð á bremsum greiddi sóknaraðili 96.611 krónur. Í þriðja lagi telur sóknaraðili að bifreiðin hafi verið haldin galla sem fólst í því að skipta varð um ballansása vegna bilunar. Kom sú bilun í ljós þegar verið var að skipta um bremsur í bifreiðinni og útbúa nýjan lykil, með þeim hætti að viðgerðaraðilar urðu varir við hljóð frá vél bifreiðarinnar. Að sögn sóknaraðila er um þekktu bilun að ræða. Sóknaraðili greiddi 308.579 krónur fyrir viðgerð vegna bilunar í ballansásu bifreiðarinnar. Allir framangreindir annmarkar komu í ljós í kjölfar þess að bifreiðin fór ekki í gang þann 20. október árið 2020 vegna vanvirkni í lykli að bifreiðinni, tæplega mánuði eftir kaupin.

Varnaraðili, seljandi bifreiðarinnar, er fyrirtæki í atvinnurekstri og gilda því lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) um viðskipti málsaðila. Í kaupsamningi og afsali vegna kaupa sóknaraðila á bifreiðinni, dags. 21. september árið 2020, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Í 1. mgr. 17. gr. nkpl. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í 1. mgr. 18. gr. nkpl. kemur fram að við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skuli miða við það tímamark þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Þá segir í 2. mgr. ákvæðisins að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa verið til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að söluhlutur hafi verið haldinn galla við kaupin ef lengra en sex mánuðir eru frá kaupunum.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi vitað af því fyrir sölu bifreiðarinnar að lykill bifreiðarinnar væri haldinn galla, meðal annars með vísan til þess að það sé ástæða þess að aðeins einn lykill fylgdi með kaupunum. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að varnaraðila hafi verið

kunnugt um að lykkill bifreiðarinnar kæmi til með að bila skömmu eftir kaupin. Er því ekki unnt að slá því föstu að bifreiðin hafi verið haldin galla á þeim grundvelli. Bifreiðin var fimm ára gömul og hafði verið ekið um 138.000 km. við sóluna. Með hliðsjón af því verður því ekki heldur slegið föstu að ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en sóknaraðili hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl., þrátt fyrir að þörf hafi verið á nýjum bíllykli skömmu eftir kaupin.

Sóknaraðili telur að bifreiðin hafi verið haldin galla þar sem þörf var á viðgerð á bremsum bifreiðarinnar tæplega mánuði eftir kaupin. Samkvæmt útgefnum reikningi frá verkstæði Heklu var skipt um bremsuklossa og bremsudiska að aftan. Greiddi sóknaraðili 40.360 krónur, auk virðisaukaskatts, fyrir þá viðgerð. Sóknaraðili hefur vísað til upplýsinga sem hann hefur aflað sér um sölu bifreiðarinnar á uppboði, til varnaraðila, stuttu áður en varnaraðili seldi bifreiðina til sóknaraðila. Samkvæmt framlögðu skjali lauk uppboðinu þann 18. ágúst árið 2020, rúmlega mánuði áður en sóknaraðili festi kaup á bifreiðinni. Í upplýsingum um bifreiðina kemur fram um bremsur að „[h]emladiskur [sé] skemmdur eða listinn framan“ og að stöðuhemill sé óvirkur. Af framangreindu verður ráðið að varnaraðili hafi verið kunnugt um að þörf væri á að skipta um hemladisk að framan þegar bifreiðin var keypt á uppboði af varnaraðila. Þrátt fyrir að ekki sé tekið fram að þörf hafi verið á að skipta um bremsudisk að aftan verður að líta til þess að varnaraðili veitti sóknaraðila engar upplýsingar um ástandið á bremsum bifreiðarinnar þrátt fyrir þær athugasemdir sem voru gerðar. Varnaraðili hefur ekki skilað andmælum eða gert grein fyrir því af hverju ekki var upplýst um ástand helmadiska. Hafi verið skipt um helmadiska að framan hefur væntanlega ekki getað dulist ástand hemladiska að aftan enda kom það fram skömmu seinna vegna annarrar viðgerðar. Er því fallist á það með sóknaraðila að bifreiðin hafi verið haldin galla vegna skemmda á bremsudisk að aftan, sbr. b. liður 1. mgr. 16. gr. nkpl.

Sóknaraðili telur að bifreiðin hafi verið haldin galla þar sem þörf var á kostnaðarsamri viðgerð á ballansásum bifreiðarinnar vegna bilunar sem kom í ljós tæplega mánuði eftir kaupin. Greiddi sóknaraðili 368.502 krónur fyrir viðgerðina, sem fólst í vinnuliðunum „[t]ímavinna dæla af tank og skipta um síu“ og „[v]inna við ballansás“, svo og vöruliðunum „[h]ráolúsía ASX / Outlander“, „[h]lutur eiganda – 50% efniskostnaður“, svo og „[e]ldsneyti Dísel 30L @ 213, -kr.“ Varnaraðili ber ábyrgð á ástandi bifreiðarinnar gagnvart sóknaraðila sem viðsemjandi sóknaraðila í þeim viðskiptum sem mál þetta varðar.

Fallist er á það með sóknaraðila að hann hafi við kaupin ekki með réttu mátt gera ráð fyrir því, með hliðsjón af aldri bifreiðarinnar, að þörf yrði á jafn kostnaðarsamri viðgerð svo skömmu eftir kaupin. Er því fallist á það með sóknaraðila að bifreiðin hafi verið haldin galla við sóluna þann 21. september árið 2020, með vísan til a-liðar 1. mgr. 17. gr. nkpl., sbr. og 2. mgr. 18. gr. nkpl.

Í 26. gr. nkpl. er mælt fyrir um þau úrræði sem geta staðið neytanda til boða vegna galla á söluhlut, en þau eru að halda eftir greiðslu kaupverðs, úrbætur, ný afhending, afsláttur, riftun og skaðabætur. Sóknaraðili hefur krafist skaðabóta vegna útlagðs viðgerðarkostnaðar sem rekja má til galla á bifreiðinni. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. nkpl. getur neytandi krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut. Um fjárhæð bóta fer samkvæmt reglum XI. kafla laganna. Skaðabætur vegna vanefnda skulu samkvæmt 1. mgr. 52. gr. nkpl. svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíður vegna vanefndanna. Af framlögðum reikningi verður ráðið að viðgerðarkostnaður vegna bremsudisks að aftan hafi verið að fjárhæð 25.573 krónur. Fallist er á að varnaraðila beri að greiða sóknaraðila þá fjárhæð í formi skaðabóta, sbr. 33. gr. nkpl. Krafa sóknaraðila um skaðabætur vegna viðgerðar á ballansás byggir á greiðslu sóknaraðila vegna viðgerðarinnar samkvæmt reikningi dags. 16. desember árið 2020, með gjalddaga þann 20. janúar árið 2021, að fjárhæð 368.502 krónur.

Samkvæmt reikningnum sundurliðast greiðslukrafa verkstæðisins með eftirfarandi hætti:

- „Tímavinna dæla af tank og skipta um síu“ 30.336 krónur.
- „Vinna við Ballansás“ 121.346 krónur.
- „Hráolíusía ASX / Outlander“ 4.995 krónur.
- „Hlutur eiganda – 50% efniskostnaður“ 205.435 krónur.
- „Eldsneyti Díesel 30L @ 213,-kr“ 6.390 krónur.

Ekki verður séð að hvaða leyti tímavinna við að dæla af tank og skipta um síu tengist galla sem var til staðar í ballansás bifreiðarinnar. Þá verður ekki séð að kostnaður við kaup á eldsneyti falli þar undir eða kaup á hráolíusíu. Með hliðsjón af framangreindu er fallist á kröfu sóknaraðila um greiðslu skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar til Heklu vegna vinnu við ballansás og efniskostnað, alls að fjárhæð 326.781 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, alls 352.354 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson